

# AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2004-2016

## Viðaukar – ekki til staðfestingar

### **Viðauki I:**

Forsendur – ýmis göng

### **Viðauki II:**

Spurningakönnun

### **Viðauki III:**

Kynningarfundir ofl.

### **Viðauki IV:**

Umsagnir opinberra aðila

### **Viðauki V:**

Athugasemdir – afgreiðsla athugasemda

### **Viðauki VI:**

Samantekt á virkjanakostum í Neðri-Þjórsá

### **Viðauki VII:**

Minnispunktur um setlónssvæði og efnistöku vegna miðlunarlóna á  
hálendinu

Janúar 2006

**Tillögur ráðgjafa að svörum vegna athugasemda við auglýsta tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 sem samþykkt var á fundi hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 6. september 2005. Svörin eru til afgreiðslu á fundi hreppsnefndar 4. október 2005.**

Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur yfirfarið athugasemdir við auglýsta tillögu að aðalskipulagi sbr. 18.gr. skipulagslaga sem auglýst var á tímabilinu 26. janúar 2005 til 23. febrúar. Alls bárust 106 bréf með athugasemdum við tillögu að aðalskipulaginu og voru þær ýmist frá einstaklingum, félagasamtökum eða með undirritun einstaklinga á undirskriftalista. 98 athugasemdir (nr. 9-13) vörðuðu Norðlingaölduveitu og 8 vörðuðu önnur svæði. 290 einstaklingar skrifuðu undir athugasemdirnar, þar af 275 vegna Norðlingaölduveitu og framkvæmda henni skyldri.

Hreppsnefnd mun svara athugasemdum sem settar voru fram undir nafni og heimilisfangi með formlegum hætti til þeirra einstaklinga eða félagasamtaka sem í hlut eiga. Í samráði við Skipulagsstofnun er ákveðið að öðrum athugasemdum, þ.e. einstaklinga er skráðu sig á undirskriftalista, skuli svarað með því að birta auglýsingu þar um í 2 landsmálablöðum og 2 héraðsblöðum þar sem þeim er m.a. bent á svar sveitarstjórnar á heimasíðu sveitarfélagsins [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)

#### **Athugasemd nr. 1:**

Ábúandi setur fram ósk um að bæta inn landnotkun fyrir frístundabyggð á Skarð I og II, en jarðirnar hafa verið sameinaðar. Um er að ræða um 100 ha fjall- og mólendissvæði og um 25 ha skóglendi.

#### **Svar:**

Í tillögu þeirri sem auglýst var, er ekki sýnd frístundabyggð á Skarði I og II enda hafði ekki verið óskað eftir því.

Ákveðið hefur verið að fallast á ósk ábúanda og bæta inn í aðalskipulag um 100 ha svæði fyrir frístundabyggð á fjall- og mólendi á sameinaðri jörð Skarðs I og II, eða eins og landeigandi vísaði til á fundi með ráðgjöfum.

Aftur á móti er lagst gegn því að um 25 ha svæði fyrir frístundabyggð í skóglendi verði afmarkað sem frístundarbyggð þar sem svæðið er til komið vegna samninga um Suðurlandsskóga. Ekki er heimilt að skipuleggja frístundabyggð á svæði sem er samningsbundið skv. Suðurlandsskógum, nema breyta þeim samningi sem í gildi er.

#### **Athugasemd nr. 2:**

Ábúandi setur fram ósk um að bæta inn blandaðri landnotkun fyrir frístundabyggð og opið svæði til sérstakra nota á 57,5 ha spildu í landi Sandlækjar. Hugmyndir eru uppi um frístundabyggð ásamt annarskonar ferðaþjónustu (tjald- og hjólhýsasvæði).

#### **Svar:**

Í tillögu þeirri sem auglýst var, er ekki sýnd frístundabyggð / opið svæði til sérstakra nota á Sandlæk. Í svari við spurningakönnun sem send var út vegna vinnu við aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps, í október 2002, kom svar frá ábúendum á Sandæk um fyrirhugaða uppbyggingu, m.a. frístundabyggðar.

Ekki gafst tækifæri til að kanna frekar áform ábúenda í þeim ferðum sem farnar voru til að fylgja eftir könnuninni.

Ákveðið hefur verið að fallast á ósk ábúanda og bæta inn í aðalskipulag um 57,5 ha svæði fyrir frístundabyggð / opið svæði til sérstakra nota. Í gögnum með athugasemd frá eiganda eru mörk svæðisins hnitsett og eru þau mörk notuð við afmörkum svæðisins.

Ástæða þess að um blandaða landnotun er að ræða er sú að ekki er gert ráð fyrir samfelldri frístundabyggð heldur blöndu þess og tjald- og hjólhýsasvæðis.

### **Athugasemd nr. 3:**

Ábúendur setja fram ósk um að bæta inn landnotkun fyrir frístundabyggð á 39,8 ha landi þeirra sem liggur meðfram Þjórsá og Þverá. Í gögnum frá ábúendum gera þeir grein fyrir að ef Þjórsá verður virkjuð á þessum stað muni smávegis af landi þeirra fara undir lón (í tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er skipulagi frestað á fyrirhuguðu lónstæði), en gera ekki athugasemd við þá framsetningu.

### **Svar:**

Í tillögu þeirri sem auglýst var, er ekki sýnd frístundabyggð á því svæði sem um ræðir á jörð Haga II, enda hafði ekki verið óskað eftir því. Aftur á móti var sett inn um 28,8 ha svæði fyrir frístundabyggð vestan þess svæðis (samliggjandi) sem nú er óskað eftir frístundabyggð á, eftir ósk ábúenda og heimsókn til þeirra, í kjölfar spurningakönnunar í október 2002.

Ákveðið hefur verið að fallast á ósk ábúanda og bæta inn í aðalskipulag um 39,8 ha svæði fyrir frístundabyggð. Þar sem svæðið er samliggjandi svæði fyrir frístundabyggð á sömu jörð (F31) stækkar það svæði í raun úr 28,8 ha í 68,6 ha.

### **Athugasemd nr. 4:**

Óskað er eftir því að vegur sem liggur inn að fjallamannahúsinu Kletti verði settur inn á sveitarfélagsuppdrátt aðalskipulags.

### **Svar:**

Vegur þeir sem liggja í námunda við Klett flokkast sem aðrir vegir og eru aðeins sýndir til skýringar á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags, og eru því ekki aðalskipulagsskyldir. Þrátt fyrir það er ákveðið að fallast á áðurnefnda ósk og bæta inn í aðalskipulag vegi inn að Kletti í þeirri legu sem kom fram í gögnum með athugasemd. Vegurinn flokkast sem aðrir vegir og er aðeins sýndur til skýringar.

### **Athugasemd nr. 5:**

Gerð er athugasemd um að kirkjugarðar í sveitarfélaginu séu ekki merktir, skráðir, flokkaðir eða skilgreindir. Bent er á að starfræktir séu tveir kirkjugarðar, á Stóra-Núpi og á Ólafsvöllum en auk þeirra séu nokkrir garðar sem hafa verið niðurlagðir, en hafa samt sem áður ákveðinn sess og stöðu.

### **Svar:**

Kirkjugarðarnir á Stóra-Núpi og á Ólafsvöllum eru merktir og skráðir í auglýstu aðalskipulagi. Þeir eru með landnotkunina opin svæði til sérstakra nota og eru merktir með hringtákni á sveitarfélagsuppdrátt auglýsts aðalskipulags.

Kirkjugarðurinn á Stóra-Núpi er með númerið O21 og kirkjugarðurinn á Ólafsvöllum er með númerið 08, eins og sjá má í kafla 11 í greinargerð aðalskipulags; Opin svæði til sérstakra nota.

Aflagðir kirkjugarðar eru ekki skilgreindir í greinargerð aðalskipulags en ákveðið er að safna upplýsingum um þá og telja þá upp í kafla 11 í greinargerð. Þeir fá aftur á móti ekki skilgreiningu á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags þar sem þeir eru aflagðir.

#### **Athugasemd nr. 6:**

##### **a.**

Legu á reiðleið meðfram vesturbakka Þjórsár er mótmælt þar sem umferð hesta um svæðið er talin auka rof og uppblástur svæðisins. Auk þess er talið að umferð hesta um svæðið hafi truflandi áhrif á núverandi notkun svæðisins sem er til hrossabeitar. Þá er bent á að ekki sé treystandi að umgengni hestamanna um hlið og annað verði nógu góð. Að lokum er bent á að varla sé þörf á leiðinni þar sem reiðleið sé skilgreind meðfram þjóðvegi.

##### **b.**

Bent er á að ekki sé merkt efnistökusvæði í landi Votumýrar I sem er á áreyrum Þjórsár. Um er að ræða malarnámu til einkanota.

#### **Svar:**

##### **a.**

Ákveðið hefur verið að reiðleið meðfram bökkum Þjórsár verði áfram sýnd í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og því ekki fallist á athugasemdina. Löng hefð er fyrir því að ríða meðfram bökkum Þjórsár og telst sú leið sem merkt er inn í auglýstu aðalskipulagi forn reiðleið sem ekki er heimilt að hindra aðgang um. Það er í valdi sveitarstjórnar og vilji hennar að halda opinni reiðleið meðfram bökkum Þjórsár í landi Votumýrar I og II.

Þess má geta að rekstur hrossa meðfram bökkum Þjórsár er bannaður samkvæmt samkomulagi sem Landsamband hestamanna er aðili að.

Þetta ætti að hafa í för með sér að umgegni um svæðið er betri en ella þar sem laus hross fara ekki þar um.

Í athugasemd er bent á að reiðleið sé meðfram þjóðvegi en þess má geta að það er stefna Vegagerðarinnar að reiðleiðir liggi ekki meðfram þjóðvegum þar sem því er við komið. Lega á reiðleið meðfram bökkum Þjórsár á þessum slóðum mun því væntanlega minnka notkun á leið meðfram þjóðvegi og þar með minnka slyshættu sem ætíð er fyrir hendi þar sem bifreiðar og hross fara um í nálægð hvors annars.

##### **b.**

Ástæða þess að efnistökusvæði við bakka Þjórsár í landi Votumýrar I er ekki merkt

inn, er að um er að ræða efnisnámu til einkanota. Slíkar námur eru ekki sýndar á sveitarfélagssupprætti aðalskipulags eins og getið er um í kafla 7 um efnistökusvæði í greinargerð með auglýstu aðalskipulagi. Þekktar efnisnámur til einkanota eru aftur á móti taldar upp í kafla 1.5 í viðauka með greinargerð og þar á meðal áður nefnd efnisnáma í landi Votumýrar við Þjórsá.

#### **Athugasemd nr. 7:**

Mótmælt er þeim hugmyndum sem settar eru fram í auglýstu aðalskipulagi um að lón vegna Urriðafossvirkjunar á jörðum Sléttabóls og Kálfhóls I. Þess í stað óska landeigendur eftir því að þeirra hugmyndir að skipulagi á jörðunum (sem komu fram í svörum til hreppsnefndar Skeiðahrepps fyrir sameiningu hreppanna) verði settar inn. Eigendur áskilja sér rétt til skaðabóta ef jarðirnar verða skertar með áðurnefndum hætti.

**Svar:**

Í auglýstri aðalskipulagstillögu er gert ráð fyrir skerðingu áðurnefndra jarða vegna tilkomu lóns Urriðafossvirkjunar. Hreppsnefnd hefur ákveðið að halda þeirri landnotkun í aðalskipulagi og er því því ekki fallist á athugasemdina.

Við matsferli Urriðafossvirkjunar gerðu eigendur og ábúendur á Sléttabóli og Kálfhóli I ekki athugasemdir við fyrirhugað lón, þrátt fyrir að þeim hafi verið kynnt fyrirhuguð framkvæmd á kynningarfundum af aðilum Landsvirkjunar og gefist kostur á að koma athugasemdum á framfæri við formlega auglýsingu mats á umhverfisáhrifum. Eigendur og ábúendur kærðu ekki úrskurð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar þegar hann lá fyrir þann 19. ágúst 2003. Niðurstaða stofnunarinnar var sú að fallist er á fyrirhugaða Urriðafossvirkjun m.v. lónhæðir í 50 og 51 m y.s., ásamt breytingu á Búrfellslínu 2.

Niðurstöður úr matsferli Urriðafossvirkjunar lágu endanlega fyrir með niðurstöðu umhverfisráðherra þann 27. apríl 2004, eftir að úrskurður Skipulagsstofnunar hafði verið kærður.

Varðandi þann hluta aðalskipulags sem snýr að áformum Landsvirkjunar um virkjanir í neðri hluta Þjórsár gerir hreppsnefnd fyrirvara um að Landsvirkjun verði gert að ábyrgjast greiðslu bóta, sem kunna að falla á hreppinn vegna skipulagsins, enda eru fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir og ákvæði þar um sett í aðalskipulag, að þeira ósk.

**Athugasemd nr. 8:**

Mótmælt er þeim hugmyndum sem settar eru fram í auglýstu aðalskipulagi um að lón vegna Urriðafossvirkjunar á jörðum Skeiðháholts og Blesastaða II. Þess í stað óska landeigandi eftir því að hans hugmyndir um framtíðarlandnot jarðarinnar verði virtar (sem komu fram í svörum til hreppsnefndar Skeiðahrepps). Eigandi áskilur sér rétt til skaðabóta ef nýtingarmöguleikar jarðana verða skertir með áðurnefndum hætti.

**Svar:**

Í auglýstri aðalskipulagstillögu er gert ráð fyrir skerðingu áðurnefndra jarða vegna tilkomu lóns Urriðafossvirkjunar.

Við matsferli Urriðafossvirkjunar gerðu eigendur og ábúendur á Skeiðháholti og Blésastöðum II ekki athugasemdir við fyrirhugað lón, þrátt fyrir að þeim hafi verið kynnt fyrirhuguð framkvæmd á kynningarfundum af aðilum Landsvirkjunar og gefist kostur á að koma athugasemdum á framfæri við formlega auglýsingu mats á umhverfisáhrifum. Eigendur og ábúendur kærðu ekki úrskurð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar þegar hann lá fyrir þann 19. ágúst 2003. Niðurstaða

stofnunarinnar var sú að fallist er á fyrirhugaða Urriðafossvirkjun m.v. lónhæðir í 50 og 51 m y.s., ásamt breytingu á Búrfellslínu 2.

Niðurstöður úr matsferli Urriðafossvirkjunar lágu endanlega fyrir með niðurstöðu umhverfisstofnunar þann 27. apríl 2004, eftir að úrskurður Skipulagsstofnunar hafði verið kærður.

Varðandi þann hluta aðalskipulags sem snýr að áformum Landsvirkjunar um virkjanir í neðri hluta Þjórsár gerir hreppsnefnd fyrirvara um að Landsvirkjun verði gert að ábyrgjast greiðslu bóta, sem kunna að falla á hreppinn vegna skipulagsins, enda eru fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir og ákvæði þar um sett í aðalskipulag, að þeira ósk.

## **Samantekt yfir innkomnar athugasemdir á hálendi og rökstuðningur þeirra**

98 þeirra athugasemda sem bárust snúa að þeim þáttum tillögunnar sem hafa að gera með hugsanlegar virkjunarframkvæmdir og gerð uppistöðulóna innan sveitarfélagsmarka. Í þessari samantekt má finna yfirlit yfir athugasemdir sem bárust. Athugasemdum hefur verið skipt niður í sex flokka eftir innihald. Undir hverjum flokki má finna þann rökstuðning sem liggur að baki þeim. Sumstaðar er orðalagi breytt til að gera samantektina sem skýrasta. Einnig hefur langur rökstuðningur í nokkrum tilvikum verið stytur.

Samantektin er ætlað að vera tæmandi yfirlit yfir bæði athugasemdir og rökstuðning. Í henni er samt sem áður ekki fjallað um kærur, texta á heimasíðum og greinar sem birtar hafa verið í dagblöðum, sem send voru inn sem meðfylgjandi gögn með athugasemdum. Í lok samantektarinnar má finna lista yfir slík gögn. Í samantektinni er heldur ekki fjallað um almennar hugleiðingar sem sendar voru inn samhliða athugasemdum.

Í einhverjum tilvikum var vandasamt að ráða í hvaða athugasemdir og rökstuðningur eiga saman. Í nokkrum tilvikum hefur því þurft að túlka röksemdirnar. Ef rökstuðningur er birtur undir röngum athugasemdum er beðist velvirðingar á því.

### **Athugasemd nr. 9:**

Athugasemd við að aðalskipulagstillagan mun leiða til frekari virkjunarframkvæmda í eða við Þjórsárver.

Rökstuðningur:

- 9.1. Þjórsárver er friðland samkvæmt íslenskum lögum og eiga sér ekki hliðstæðu í íslenskri náttúru.
- 9.2. Sérstaða Þjórsárvera er slík að svæðið kemur sterklega til greina á heimsminjaskrá UNESCO.
- 9.3. Þjórsárver eru Ramsarsvæði og alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA BirdLife International).
- 9.4. Öll frekari skerðing á Þjórsárverum kann að varða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt sáttmálanum um líffræðilega fjölbreytileika CITES, og Bernarsáttmálanum um verndun villtra dýra og búsvæða þeirra, auk Ramsarsáttmálans um verndum votlendis.
- 9.5. Í skýrslu um 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, kemur fram að Þjórsárver eru verðmætasta svæðið á hálendi Íslands (af þeim 42 svæðum sem metin voru).

- 9.6. Þjósárver eru mikilvægasti varpstaður heiðagæsar í heiminum öllum og fer gildi þeirra vaxandi í ljósi þeirra náttúruspjalla sem nú er verið að vinna við Kárahnjúka.
- 9.7. Ósamræmi við yfirlýst markmið svæðisskipulags miðhálandisins, sem er að halda beri hvers konar mannvirkjagerð á Miðhálandi Íslands í lágmarki og þess í stað að beina henni á jaðarsvæði hálandisins.
- 9.8. Ósamræmi við bókun Samvinnunefndar miðhálandisins frá 13. janúar 2005, þar sem segir: „Niðurstaðan eru því umfangsmiklar og óafturkræfar framkvæmdir á hálandi Íslands án þess að mat verði gert á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í heild sinni. Þær tillögur, lónhæð 575 og 578 m.y.s. sem fóru í mat á umhverfisáhrifum eru talsvert undir þeim hæðarmörkum sem gert er ráð fyrir í svæðisskipulaginu sem er 581 m.y.s.. Það er mat nefndarinnar að lónhæð 575 m.y.s. hafi bæði verið umhverfislega og tæknilega betri lausn en sú sem hér er til afgreiðslu. Landslagsheild Þjósárvera nær langt útfyrir núverandi mörk friðlands og því er framkvæmdin í heild sinni mikið umhverfisrask á stóru svæði sem skilur eftir sig stærri sár í landinu heldur en tillaga í gildandi svæðisskipulagi gerir ráð fyrir.”
- 9.9. Ósamræmi við markmið aðalskipulagstillögunnar (bls. 17) um að vernda helstu náttúruyfyrirbæri og menningarminjar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þjósarver eru í heild sinni verðmætasta náttúruyfyrirbæri sveitarfélagsins.
- 9.10. Tillaga Umhverfisstofnunar, sem fram kemur í Náttúruverndaráætlun 2004-2009, að friðland í Þjósárverum verði stækkað, er ekki tekin til greina.
- 9.11. Lón og veitur við Þjósárjökul við friðlandsmörkin austan við Arnarfell munu óhjákvæmilega hafa áhrif á friðland.
- 9.12. Ekki hefur verið framkvæmd allsherjar kostnaðar- og nytjagreining (*cost-benefit analysis*) vegna fyrirhugaðra framkvæmda, þar sem félagslegir, efnahagslegir, menningarlegir þættir, ásamt umhverfisþáttum, hafa verið athugaðir.

#### **Athugasemd nr. 10:**

Athugasemd við að gert sé ráð fyrir Norðlingaöldulóni, Vesturkvíslalóni og Arnarfellslóni.

Rökstuðningur:

- 10.1. Framkvæmdirnar munu hafa veruleg neikvæð umhverfisáhrif í Þjórsárverum, bæði á landslag og lífríki, vegna landsins sem tapast vegna framkvæmdanna.
- 10.2. Rennsli Þjórsár um Þjórsárver skerðist verulega en það hefur nú þegar minnkað um 40% með gerð Kvíslaveita. Verði af þessari framkvæmd mun rennslið einungis verða um 30% af upphaflegu rennsli. Þessi rennslisminnkun hefur áhrif á jarðvatnsstöðu í Verunum sem er forsenda þess að þar haldist sífreri sem aftur er forsenda þess sér sérstæða náttúrufars sem einkennir Þjórsárver.
- 10.3. Há jarðvatnsstaða og sífreri er ástæða þess að Þjórsárver eru stærsta gróðurvin á miðhálandi Íslands.
- 10.4. Sumstaðar munu framkvæmdir valda hækkaðri jarðvatnsstöðu og auknu lindarrennsli sem aftur kann að bræða sífrerann ofan frá.
- 10.5. Framkvæmdir munu minnka framburð sets í Þjórsá, en auka á áfokshættu í Þjórsárverum.
- 10.6. Tilmæli fastanefndar Bernarsáttmálans til ríkisstjórnar Íslands frá því í desember 2004, vegna kæru fjölda náttúruverndarsamtaka. Þar kemur eftirfarandi fram: „Relating to Nordlingaalda hydropower dam (Thjórsárver): Maintain the favourable conservation status of the Thjórsárver to ensure the ecological integrity of this ecosystem and protect against significant negative impacts that may arise as a result of energy projects.”  
  
„Recommends that the Government of Iceland: Address cumulative negative effects on Bern Convention species while conducting a strategic environmental impact assessment in accordance with the European Community SEA Directive (2001/42/EC), based on the Master Plan for hydro and geothermal energy resources.”
- 10.7. Vesturkvíslalón og Arnarfellslón eru ekki mótvægisaðgerðir, heldur viðbótarframkvæmd sem aldrei hefur verið metin í samræmi við lög.
- 10.8. Almenningi gafst ekki tækifæri á að kynna sér upplýsingar um framkvæmdir við Vesturkvíslalón og Arnarfellslón. Málsaðilar höfðu þegar hafnað Kvíslaveitu 6, sem er mun umfangsminni.
- 10.9. Setlón af þessari stærðargráðu þarf samkvæmt lögum að fara í umhverfismat.
- 10.10. Nýlegar skýrslur Jack D. Ives og Roger Crofts sýna að svæðið gæti farið á heimsminjaskrá UNESCO.
- 10.11. Í nýlegri skýrslu um 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, kemur fram að Þjórsárver eru verðmætasta svæðið á hálandi Íslands af þeim 42 sem metin voru. Af því má sjá að þau hafa

afar hátt náttúruverndargildi. Framkvæmdir munu draga mikið úr náttúruverndargild svæðisins.

10.12. Ekki hefur verið sýnt fram á að öll skilyrði í úrskurði Jóns Kristjánssonar, setts umhverfissráðherra, hafi verið uppfyllt.

**Athugasemd nr. 11:**

Athugasemd við gert sé ráð fyrir uppistöðulóni í 567,5 m.y.s. og Norðlingaölduveitu ásamt tilheyrandi mannvirkjum.

Rökstuðningur:

11.1. Mótsögn við stefnuskrá núverandi meirihluta sveitarstjórnar, þar sem segir að Norðlingaölduveitu sé hafnað.

11.2 Ekki hefur verið sýnt fram á að framkvæmdin sé nauðsynleg.

11.3. Orkuþörf Norðuráls hefur verið mætt á annan hátt.

11.4. Af niðurstöðum 1. áfanga rammaáætlunar er ljóst að að margir umhverfissvænni virkjunarkostir eru fyrir hendi.

11.5. Fordæmi eru fyrir því að slíku skipulagi sé frestað (sbr. Núpsvirkjun).

11.6. Ósamræmi við þá stefnu svæðisskipulag miðhálandisins að skilgreina svæðið sem náttúruverndarsvæði.

11.7. Náttúrugildi Þjórsárvera er gríðarmikið, bæði á landsvísu og heimsvísu. Ábyrgð sveitarstjórnar er því mikil og óásættanlegt að hún taki áhættu sem gæti stefnt framtíð Þjórsárvera í hættu.

11.8. Nýleg skýrsla um 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma kemur fram að Þjórsárver séu verðmætasta svæðið á hálendi Íslands af þeim 42 sem metin voru. Engin efnahagsleg rök geta því réttlætt fyrirhugaðar framkvæmdir, þar sem um náttúrugræmar á heimsvísu er að ræða.

**Athugasemd nr. 12:**

Athugasemd við þann lið aðalskipulagstillögunnar sem snýr að Norðlingaöldulóni og veitu og setlóni með veitu við Þjórsárjökul, við friðlandsmörkin austan við Arnarfell séu mannvirki sem falla innan marka Þjórsárvera. Mannvirkin eru tilgreind sem I6, I7 og I8 á bls. 28 í skipulagstillögunni.

Rökstuðningur:

- 12.1. Ekki er tekið tillit til ríkra náttúruverndarhagsmuna og yfirlýstra markmiða svæðisskipulags Miðhálandisins og tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
- 12.2. Álit Umhverfisstofnunar, sem gefið var út vorið 2003, þar sem lagt var til að að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað, er ekki tekið til greina.
- 12.3. Ekki er tekið tillit til skýrslu erlendra sérfræðinga (Jack D. Ives og Roger Croft), um mat á náttúruverndargildi Þjórsárvera og áhrif áformaðra mannvirkja þar.
- 12.4. Í skýrslu um 1. áfanga rammaáætlunar kemur fram það mat faghóps I að samvegin náttúruverðmæti Þjórsárvera séu í efsta sæti í samanburðarmati á 41 svæði á Íslandi.
- 12.5. Svæðið gæti átt heima á Heimsminjaskrá UNESCO.
- 12.6. Framkvæmdir munu óhjákvæmilega hafa áhrif á friðlandið

### **Athugasemd nr. 13:**

Almennar athugasemdir við auglýsta tillögu að aðalskipulagi.

Rökstuðningur:

- 13.1. Siðferðileg skylda sveitarstjórnar að framfylgja stefnuskrá meirihluta sveitarstjórnar, þar sem segir „Norðlingaölduveitu er hafnað”.
- 13.2. Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir mannvirkjum sem aldrei hafa hlotið lögformlegt umhverfismat og almenningur hefur ekki haft tækifæri til að gera lögformlegar athugasemdir við. Með samþykkt auglýsts aðalskipulags opnast sá möguleiki að leyfðar verði framkvæmdir sem jafngilda að mestu Kvíslaveitu 6 enda þótt málsaðilar hafi hafnað þeim fyrirhuguðu framkvæmdum. Þetta brýtur á rétti almennings og gengur gegn landslögum.
- 13.3. Ekki hefur verið sýnt fram á að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi ekki áhrif inn á friðlandið í Þjórsárverum. Eitt af skilyrðum í úrskurði Jóns Kristjánssonar um Norðlingaölduveitu var að framkvæmdir mættu ekki hafa slík áhrif.
- 13.4. Ótækt er að gera ráð fyrir mannvirkjum á svæði sem er skilgreint náttúruverndarsvæði í núgildandi Svæðisskipulagi Miðhálandisins. Þar er yfirlýst markmið:  
  
„... að almennt beri að halda hverskonar mannvirkjagerð á Miðhálandi Íslands í lágmarki og þess í stað beina henni á jaðarsvæði hálandisins.”
- 13.5. Niðurstöður rannsókna Jack Ives og Roger Crofts á Þjórsársvæðinu varðandi alþjóðlegt mikilvægi svæðisins og þýðingu þess fyrir

ferðapjónustu benda til að verðmæti svæðisins sé margfalt meira sé það ósnortið en verði fyrirhuguð mannvirki byggð.

13.6 Stoðgögn sem fylgdu með athugasemd Hjörleifs Guttormssonar (listinn er birtur orðréttur):

13.6.1 Kæra til umhverfisráðherra 18. september 2002 vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum.

13.6.2 Þjórsárver og veitulón norðan Arnarfells. Grein á heimasíðu HG 10. febrúar 2003.

13.6.3 Þjórsárver og veitulón norðan Arnarfells. Grein birt í Morgunblaðinu 15. febr. 2003.

13.6.4 Þjórsárver og heimskupör Landsvirkjunar. Grein birt í Morgunblaðinu í maí 2003.

13.6.5 Mótmæli til iðnaðarráðuneytis 22. september 2003 vegna auglýsingar um leyfi fyrir Norðlingaölduveitu.

13.6.6 Þingsályktunartillaga um þjóðgarða á miðhálandinu, 16. mál á 123. löggjafarþingi 1998 (þar á meðal um Höfsjökulspjóðgarð).

#### **Svar:**

Svar sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps við athugasemdum er varða hálendishluta aðalskipulags og settar eru fram í liðum nr. 9 – 13.

Ítarleg umfjöllun hefur farið fram um tillögu að Aðalskipulagi fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Miklar efasemdir hafa verið meðal hreppsnefndarmanna, íbúa og annara landsmanna um ágæti þess að samþykkja gerð Norðlingaölduveitu og annarra mannvirkja á Gnúpverjaafretti. Eftir auglýsingu tillögunnar var máli þessu frestað snemma sumars og ákveðið að bíða þar til niðurstaða Samvinnunefndar miðhálandis lægi fyrir. Sú niðurstaða fékkst 12. ágúst s.l. og orðrétt hljómar hún svo „*Samvinnunefnd miðhálandis samþykkir auglýsta tillögu með þeirri breytingu að ekki verði gert ráð fyrir set- og veitulónum eða mannvirkjum þeim tengdum suðaustan Höfsjökuls og norðaustan friðlandsins. Jafnframt er fallist á þær smávægilegu breytingar sem lagðar eru til í umsögn um athugasemdir nema hvað ekki skal fjallað um nákvæma stærðir lóna í greinargerð. Með, markmið svæðisskipulagsins um að tryggja skynsamlega nýtingu auðlinda og landkosta Miðhálandisins, markmiðs skipulags- og byggingarlaga, um að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, og þess fjölda athugasemda sem barst við kynningu tillögunnar, samþykkir samvinnunefndin hina auglýstu tillögu með þeim breytingum að fallið er frá heimild til gerðar veitu- og setlóna suðaustan Höfsjökuls og mannvirkja*

*tengdum þeim. Landnotkun samkvæmt svæðisskipulaginu skal því vera óbreytt á því svæði."*

Niðurstaða Samvinnunefndarinnar, afstaða sveitarstjórnar og margra þeirra athugasemda sem gerðar voru við aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps hljóma á svipaða vegu.

Víðtæk umfjöllun hefur átt sér stað vegna þess hluta tillögu Aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem snýr að Þjórsárverum og fellst sveitarstjórn á flestar þær athugasemdir sem gerðar voru við hálendishluta aðalskipulagsins. Allan tímann hafa verið uppi miklar efasemdir meðal heimamanna og annara landsmanna um rétt núlifandi Íslendinga til mannvirkjagerðar og inngrips í Þjórsárverin og aðliggjandi landsvæða.

Í ljósi þeirra fjölmörgu athugasemda sem bárust vegna aðalskipulags hálendisins og í samræmi við niðurstöðu Samvinnunefndar um svæðaskipulag miðhálendis Íslands 2015, samþykkti hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps við lokaafgreiðslu tillögunnar á fundi sínum þann 6. september 2005 að breyta auglýstri aðalskipulagstillögu Skeiða- og Gnúpverjahrepps til samræmis við niðurstöðu Samvinnunefndar. Samþykkt þessi felur í sér að fella skuli út úr auglýstri aðalskipulagstillögu Skeiða- og Gnúpverjahrepps Vesturkvíslalón (I8), Þjórsárjökulslón (I7), skurði og varnargarða þeim tengdum sem og efnistökusvæði (E4) þessum mannvirkjum skyldum. Að öðru leyti helst aðalskipulagið óbreytt frá auglýstri tillögu á afrétti hreppsins.

Þetta tilkynnist hér með.

Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar þann mikla áhuga sem íbúar sveitarfélagsins, sem og aðrir, sýndu aðalskipulagsvinnunni á öllum stigum hennar.

F.h. hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps,

---

Ingunn Guðmundsdóttir  
Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

## Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016

Tillögur ráðgjafa að svörum við athugasemdum Skipulagsstofnunar frá 10. nóvember 2005.

### 1. Frístundabyggð

Skipulagsstofnun telur að of mörgum stórum svæðum fyrir frístundabyggð (um 200 ha) hafi verið bætt inn í tillögu að aðalskipulagi eftir auglýsingu. Stofnunin telur að um grundvallarbreytingu sé að ræða á skipulagstillögunni og að auglýsa þurfi hana aftur með þessum breytingum. Skipulagsstofnun bendir á þann möguleika að taka áðurnefnd svæði aftur út úr skipulagstillögunni og að hún verði staðfest þannig. Þegar skipulagið hefur hlotið staðfestingu er hægt að gera breytingu á aðalskipulaginu og svæðin fyrir frístundabyggð aftur sett inn.

*Það er tillaga ráðgjafa að fella burt tvö stór svæði sem bætt var inn á aðalskipulagsupphrátt eftir auglýsingu:*

- F40. 100 ha svæði fyrir frístundabyggð í landi Skarðs I og II.
- F41/O22. 57,5 ha svæði sem skilgreint er sem blönduð landnotkun frístundabyggðar og opins svæðis til sérstakra nota í landi Sandlæks I og II.

*Skipulagsráðgjafar leggja til að ekki verði tekin út stækkun á svæði F31, frístundabyggð í landi Haga II, sem stækkar um 40 ha og verður 68,8 ha eftir breytingu.*

*Lagt er til að gerð verði breyting á aðalskipulaginu eftir að það hefur hlotið staðfestingu og áðurnefndum svæðum bætt inn. Mun sú breyting fara í lögbundið kynningarferli.*

*Lagt er til að þeim tveimur aðilum sem óskuðu eftir áðurnefnum svæðum inn á aðalskipulag verði sent skriflegt erindi þar sem þeim er gerð grein fyrir áðurnefndri ákvörðun.*

## 2. Lón vegna Urriðafossvirkjunar

Skipulagsstofnun telur að taka beri út eftirfarandi texta á bls. 28 í kafla 6. lðnaðarsvæði:

“Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir fyrirvara um að Landsvirkjun verði gert að ábyrgjast greiðslu bóta, sem kunna að falla á sveitarfélagið vegna skipulagsins, enda eru fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir og ákvæði þar um sett í aðalskipulagið að þeirra ósk”.

Það er mat Skipulagsstofnunar að sveitarstjórn geti ekki í aðalskipulagi vísað ábyrgð á ákveðnum þáttum þess til einstakra framkvæmdaaðila.

*Skipulagsráðgjafar leggja til að tekinn verði út áðurnefndur texti um bótaskyldu í samræmi við athugasemd Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun bendir á möguleika sveitarstjórnar að gera samning um tilhögun fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda, þó svo að slíkur samningur verði ekki hluti af gögnum aðalskipulags. Leggja ætti áherslu á að ná samkomulagi við Landsvirkjun um lausn málsins.*

## 3. Norðlingaölduveita

Skipulagsstofnun bendir á að aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps þurfi að vera í samræmi við gildandi Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands. Í afgreiðslu Skipulagsstofnunar á tillögu samvinnunefndar um breytingu á svæðisskipulaginu leggur stofnunin til að umhverfisráðherra synji staðfestingu á þeim hluta breytingarinnar sem varðar Norðlingaölduveitu, þar sem um sé að ræða breytingu á grundvallaratriðum frá auglýstri tillögu. Vegna þessa telur Skipulagsstofnun að ekki sé hægt að afgreiða aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps til staðfestingar ráðherra með þeirri útfærslu á Norðlingaölduveitu sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Skipulagsstofnun bendir á tvo möguleika í stöðunni:

- Fresta skipulagi á því svæði sem tekur yfir framkvæmdir sem tengjast Norðlingaölduveitu þar sem óvissa ríkir um atriði sem geta haft veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.
- Bíða með afgreiðslu aðalskipulagsins þar til umhverfisráðherra hefur staðfest ofangreinda breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis.

*Skipulagsráðgjafar leggja til að fresta skipulagi á þeim svæðum sem taka til Norðlingaölduveitu megi það verða til þess að aðalskipulag Skeiða- og*

*Gnúpverjahrepps 2004-2016 hljóti staðfestingu umhverfisráðherra og öðlist gildi. Ekki er vitað hvenær von er á úrskurði ráðherra um breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands og er allt eins víst að auglýsa þurfi þá breytingu aftur. Líklegt er að þetta ferli tefji afgreiðslu aðalskiplagsins um einhverja mánuði og alls óljóst hvernig þessu máli lyktar.*

*Þá er ekki útilokað að málaferli muni hefjast vegna úrskurðar sett umhverfisráðherra (Jóns Krittjánssonar) frá janúar 2003, en ef til málaferla kæmi gæti það flækt og tafið málið enn frekar.*

*Of mörgum spurningum er ósvarað varðandi Norðlingaölduveitu og óvissa er um hvert framhald þess máls verður. Það er því okkar mat að ráðlegast sé að fresta skipulagi á þeim svæðum sem gera ráð fyrir virkjun skv. gildandi Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands, ásamt þeim svæðum sem gera ráð fyrir virkjun skv. breytingu á svæðisskipulaginu.*

*Þegar komin er niðurstaða og almenn sátt um málefni Norðlingaölduveitu verður gerð breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í samræmi við þá niðurstöðu.*

#### **4. Önnur atriði**

##### ***Athafnasvæði***

Skipulagsstofnun ítrekar skoðun sína að starfsemi móttökustaðar norðan Brautarholts samræmist betur landnotkun iðnaðarsvæðis en athafnasvæðis eins og það er skilgreint í tillögu að aðalskipulagi. Afmarka þarf lóð móttökustaðar og skigreina á henni iðnaðarlandnotkun eða merkja allt svæðið fyrir blandaða landnotkun, iðnaðarsvæði / athafnasvæði.

*Skipulagsráðgjafar leggja til að blönduð landnotkun, iðnaðarsvæði / athafnasvæði, verði skilgreind á svæðinu sem áður var allt skilgreint sem athafnasvæði.*

##### ***Iðnaðarsvæði***

Skipulagsstofnun bendir á ósamræmi milli sveitarfélagsuppdráttar og þéttbýlisuppdráttar varðandi iðnaðarsvæði (I3), athafnasvæði (A1) og afmörkun þéttbýlis í Brautarholti.

Aðalskipulagsgöng verða leiðrétt m.t.t. athugasemda Skipulagsstofnuna

**Skipulagsstofnun**  
**Laugavegi 166**  
**105 Reykjavík**

## **Efni: Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016**

Tillaga að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 hefur verið auglýst. Frestur til að skila athugasemdum rann út 9. mars s.l. Samkvæmt 18.gr. skipulags og byggingarlaga skal sveitarstjórn fjalla um athugasemdir og svara innan átta vikna frá því að athugasemdafrestur rennur út. Ljóst er að sá frestur er liðinn.

Á fundi sínum þann 3. maí s.l. fjallaði hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps um hina auglýstu tillögu. **Eftirfarandi samþykkt var samhljóða gerð:**

„Hreppsnefnd samþykkir að fresta endanlegri afgreiðslu Aðalskipulags þar til Samvinnunefnd miðhálandis hefur afgreitt breytingu í Svæðisskipulagi miðhálandis. Hreppsnefnd fer fram á við Skipulagsstofnun að lagabundnir frestir verði framlengdir sem því nemur.”

### **Oddviti lagði eftirfarandi bókun fyrir hönd meirihluta hreppsnefndar:**

„Undirritaðir fulltrúar í hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafna Norðlingaölduveitu. Viðtæk umfjöllun hefur farið fram um tillögu að Aðalskipulagi fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Allan tímann hafa verið miklar efasemdir meðal meirihluta hreppsnefndarmanna, íbúa og annara landsmanna um ágæti þess að samþykkja gerð Norðlingaölduveitu á Gnúpverjaafrétti. Við lokaafgreiðslu aðalskipulagstillögunnar hvílir mikil ábyrgð á herðum hreppsnefndarmanna ekki síst hvað varðar Norðlingaölduveitu sem er stórtækt inngríp í annars ósnortið landsvæði innan marka hreppsins.

Ekki hefur tekist að sýna framá að íbúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafi neina hagsmuni af framkvæmd Norðlingaölduveitu hvað varðar atvinnuuppbyggingu til lengri eða skemmri tíma. Þvert á móti álíta undirritaðir hreppsnefndarmenn að bygging Norðlingaölduveitu skaði hagsmuni ferðaþjónustunnar sem er eina vaxandi atvinnugreinin í hreppnum. Með því að samþykkja Norðlingaölduveitu í Aðalskipulagi væri hreppsnefnd að ganga þvert á fyrsta markmið skipulagslaga sem segir: *„að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi.”*

Ekki hefur verið sýnt framá þjóðhagslega nauðsyn þess að Norðlingaölduveita verði að veruleika. Raforkuframleiðsla á Íslandi er nú á fleiri höndum en áður eins og sannast á því að aðilar aðrir en Landsvirkjun hafa svarað eftirspurn og gert samninga um raforku til stóriðju. Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur innan sinna marka tvær virkjanir. Því til viðbótar liggur fyrir að samþykktar verða tvær virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Þar með telja undirritaðir fulltrúar í hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps að stuðningur við raforkuframleiðslu í landinu hafi verið með fullum sóma frá hendi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þó að nú verði látið staðar numið.

Aðalsteinn Guðmundsson  
Matthildur E. Vilhjálmisdóttir  
Hrafnhildur Ágústsdóttir  
Tryggvi Steinarsson”

# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

---

## **Þrándur lagði fram eftirfarndi bókun fyrir hönd minnihluta hreppsnefndar:**

„Föllum þess á leit að hreppsnefnd standi við samkomulag sem gert var við Landsvirkjun og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á hreppsnefndarfundum 1. júní 2004. Svohljóðandi:

*”Erindi frá Landsvirkjun varðandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2003-2015 Norðlingaöldulón. Í erindinu fer Landsvirkjun framá að yfirfallshæð stíflu við Norðlingaöldulón verði 567.8 m y.s. Að vetrarlagi yrði lónið rekið í um 567,5 m y.s. til þess að komast hjá alvarlegum vandamálum vegna ísmyndunar. Oddviti lagði til að hreppsnefnd samþykkti að gera ráð fyrir þeirri tilhögun í aðalskipulagi. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða”.*

Þrándur Ingvarsson

Gunnar Örn Marteinson

Ólafur Fr. Leifsson”

Þessi afgreiðsla tilkynnist hér með um leið og farið er framá að Skipulagsstofnun veiti það svigrúm sem nauðsynlegt er frá umræddum tímafrestum.

Virðingarfyllst,

---

Ingunn Guðmundsdóttir sveitarstjóri

## **Tuttugasti og annar fundur Samvinnunefndar miðhálendis, haldinn 12. ágúst 2005 að Skúlagötu 21, Reykjavík.**

Mættir: Óskar Bergsson formaður, Dagur B. Eggertsson Reykjavík, Jónatan Garðarsson SSH/SSS, Snorri H. Jóhannesson SSV, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir Fjórðungssambandi Vestfjarða, Jóhann Guðmundsson SS Norðurkjördæmi Vestra, Stefán Skaftason EYÞING, Arnór Benediktsson SSA, Valtýr Valtýsson SASS, Gunnar Hólm Hjálmarsson SAMÚT, Gunnar Sæmundsson Félagsmálaráðuneyti.  
Áheyrnarfulltrúar voru Heiðrún Guðmundsdóttir, Ragnheiður Ólafsdóttir og Einar Bollason.  
Ívar Pálsson lögfræðingur sat fundinn vegna máls 1. Friða Björg Eðvarðsdóttir ráðgjafi ritaði fundargerð.

### **Dagskrá fundar.**

- 1. Breyting á svæðisskipulagi miðhálendis svæðið sunnan Hofsjökuls, afgreiðsla tillögu og athugasemda eftir auglýsingu, skv. 13. gr.a skipulagslaga nr.73/1997**
  - a) athugasemd varðandi Heiðarvatn**
  - b) athugasemdir varðandi Norðlingaölduveitu**
- 2. Úttekt á byggingarmálum á miðhálendi Íslands.**
- 3. Önnur mál**

Formaður setti fund.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

**1. Breyting á Svæðisskipulagi Miðhálendis 2015, svæðið sunnan Hofsjökuls, athugasemdir eftir auglýsingu.** Lögð fram að nýju að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á staðfestu svæðisskipulagi Miðhálendis Íslands, svæðið sunnan Hofsjökuls dags. 13. janúar 2005, tillagan var í auglýsingu frá 26. janúar til 23. febrúar með athugasemdafresti til 9. mars. Athugasemdir bárust frá 141 aðila í 87 bréfum. Athugasemdir lagðar fram ásamt umsögn Landslaga lögfræðistofu um athugasemdir dags. 5. ágúst 2005. Einnig bréf Umhverfisstofnunar dags. 19. maí 2005, bréf Menntamálaráðuneytis dags. 27. apríl 2005, bréf Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis dags. 5. júní 2005, minnisblað Landslaga lögfræðistofu dags. 31. maí 2005, bréf Umhverfisstofnunar dags. 12. ágúst 05, bréf frá meirihluta Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 10. ágúst 2005, bréf frá minnihluta Skeiða- og Gnúpverjahrepps og varamanns ódagsett/móttekið 10. ágúst. bréf oddvita og Matthildar Vilhjálmssdóttur dags. 11. ágúst 2005.

**1.a Athugasemd A19 varðandi Heiðarvatn,** Skipulagsfulltrúi Uppsveita Árnessýslu, f.h. hreppsnefndar Hrunamannahrepps, dags. 28. febrúar 2005. Vísar til erindis embættis skipulagsfulltrúa uppsveita, dags. 20. desember 2004, fyrir hönd hreppsnefndar Hrunamannahrepps. Beiðni um að gert verði ráð fyrir skálum við Heiðarvatn á Hrunamannafrétti, eða svæðið skilgreint sem svæði fyrir fjallasel ef samvinnunefndin telur það heppilegra.

*Samvinnunefndin samþykkti að merkt verði inn fjallasel við Heiðarvatn.*

**1.b. Athugasemdir varðandi Norðlingaölduveitu.** Ívar Pálsson hdl gerði grein fyrir umsögn Landslaga lögfræðistofu um athugasemdir. Umræður voru um athugasemdir og umsögn Ívars.

*Samvinnunefnd samþykkti umsögn um athugasemdir samkvæmt greinargerð Ívars Pálssonar hdl, með smávægilegum breytingum.*

Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu um afgreiðslu málsins.

*“Samvinnunefnd miðhálendis samþykkir auglýsta tillögu með þeirri breytingu að ekki verði gert ráð fyrir set- og veitulónum eða mannvirkjum þeim tengdum*

suðaustan Hofsjökuls og norðaustan friðlandsins. Jafnframt er fallist á þær smávægilegu breytingar sem lagðar eru til í umsögn um athugasemdir nema hvað ekki skal fjallað um nákvæma stærðir lóna í greinargerð.

Með, markmið svæðisskipulagsins um að tryggja skynsamlega nýtingu auðlinda og landkosta Miðhálandisins, markmiðs skipulags- og byggingarlaga, um að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, og þess fjölda athugasemda sem barst við kynningu tillögunnar, samþykkir samvinnunefndin hina auglýstu tillögu með þeim breytingum að fallið er frá heimild til gerðar veitu- og setlóna suðaustan Hofsjökuls og mannvirkja tengdum þeim. Landnotkun samkvæmt svæðisskipulaginu skal því vera óbreytt á því svæði.”

Tillögunni fylgdi svohljóðandi greinargerð og rökstuðningur:

“Þann 13. janúar sl. samþykkti samvinnunefnd miðhálandis samhljóða að auglýsa þá breytingartillögu sem hér er til umfjöllunar. Þeirri samþykkt fylgdi bókun nefndarinnar varðandi þær breytingar sem tillagan gerir ráð fyrir og lúta að Norðlingaölduveitu. Í bókuninni vísaði nefndin til þess að tillagan gerði nú ráð fyrir að Norðlingaöldulón yrði utan friðlands Þjórsárvera sem væri í samræmi við núverandi stefnumörkun svæðisskipulagsins. Í stað þess gerði tillagan hins vegar ráð fyrir umfangsmiklum og óafturkræfum framkvæmdum á stærra svæði en núgildandi skipulag gerði ráð fyrir. Í því sambandi vísaði nefndin til þess að landslagsheild Þjórsárvera næði langt út fyrir núverandi mörk friðlandsins auk þess sem hún teldi að umhverfismat á þeim hluta framkvæmdanna hefði ekki átt sér stað. Var það mat nefndarinnar að Norðlingaöldulón í 575m. y.s. væri bæði umhverfislega og tæknilega betri kostur en tillagan. Á starfstíma sínum hefði nefndin kappkostað að vinna að skipulagi hálandisins í samráði við heimamenn. Þar sem heimamenn hefðu náð samkomulagi um tillöguna liti nefndin á það sem skyldu sína, þrátt fyrir framangreint, að auglýsa tillögu að Norðlingaölduveitu sem byggði á útfærslu samkvæmt úrskurði setts umhverfisráðherra frá 30. janúar 2003. Eins og fram kemur í umsögn um athugasemdir og fulltrúar meirihluta Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafa gert nefndinni grein fyrir er samkomulag heimamanna um framkvæmdina ekki lengur fyrir hendi. Þannig samþykkti meirihluti hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps á fundi sínum þann 3. maí sl. að fresta afgreiðslu tillögu að aðalskipulagi, sem gerði ráð fyrir Norðlingaölduveitu í samræmi við úrskurð setts umhverfisráðherra, þar til samvinnunefndin hefði afgreitt þá tillögu sem hér er til umfjöllunar. Bókaði meirihluti hreppsnefndarmanna að hann hafnaði Norðlingaölduveitu.

Ljóst er því að megin forsenda fyrir samþykki samvinnunefndar á auglýsingu tillögunnar, með Norðlingaölduveitu í samræmi við úrskurð setts umhverfisráðherra, er ekki lengur fyrir hendi þar sem samstaða heimamanna er ekki um breytinguna. Samvinnunefndin hefur reynt að fá fram sjónarmið eða tillögur framkvæmdaaðila og meirihluta Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem leitt gæti til niðurstöðu sem aðilar gætu orðið sammála um en ekki tekist. Samvinnunefndin verður, þrátt fyrir það, að afgreiða hina auglýstu tillögu.

Eins og rakið er í umsögn um athugasemdir lýtur sú breyting sem hér er til umfjöllunar ekki að því að hafna eða samþykkja Norðlingaölduveitu þar sem gert er ráð fyrir Norðlingaöldulóni í svæðisskipulaginu í allt að 581m. y.s. með þeim fyrirvara um að unnið skuli að lækkun lónsins. Samvinnunefndin telur að hin auglýsta tillaga hvað Norðlingaöldulónið sjálft varðar sé ásættanleg. Hún sé verulega ívilnandi miðað við núverandi ástand þar sem stærð lónsins hefur verið minnkað verulega og lónið fært út úr hinu eiginlega friðlandi. Lónið hefur þannig verið minnkað úr um 62 km<sup>2</sup> í niður allt að um 5 km<sup>2</sup> lón með lækkun hámarks-hæðar úr 581m y.s. niður í 567,5m y.s.

Þeir hlutar veituframkvæmdanna sem gera ráð fyrir hinum þremur lónunum og tilheyrandi mannvirkjum þ.e. annars vegar Þjórsárjökulslóni og Vesturkvíslalóni norðaustan friðlandsins og suðaustan Hofsjökuls, og hins vegar Grjótakvíslalóni, suðaustan við Norðlingaöldulón, eru nýir í skipulaginu. Framkvæmdasvæðin verða samkvæmt breytingunni í raun þrjú í stað eins samkvæmt gildandi skipulagi.

Grjótakvíslalón er á svæði sem fellur í landnotkunarflokkinn “Önnur Svæði” en í hann falla landsvæði sem eru frekar fábreytt að náttúrufari og landslagi. Tekið er fram í gildandi skipulagi að þessi svæði geti öðrum fremur komið til álita sem byggingarsvæði við endurskoðun skipulagsins. Grjótakvíslalón fellur einnig að hluta innan svæðis sem skilgreint er sem mannvirkjabelti á skýringaruppdrætti. Nefndin telur breytinguna hvað varðar Grjótakvíslalón því ekki íþyngjandi og samræmast stefnu svæðisskipulagsins. Framkvæmdin við Þjórsárjökulslónið og Vesturkvíslarlónið eru í tillögunni kölluð mótvægisáðgerðir en hafði fram að því haft vinnuheitið Kvíslarveita 6. Þess ber að geta að Þjórsárveranefnd hefur hafnað Kvíslarveitu 6 en framkvæmdaraðili hefur ekki haft samráð við Þjórsárveranefnd eftir að lónið var úrskurðað útúr friðlandinu. Það má því segja að grenndarréttur hafi ekki verið þegar ákveðið var að fara í umfangsmiklar og óafturkræfar framkvæmdir fast upp við friðlandsmörk Þjórsárvera, án nokkurs samráðs við vörsluaðila friðlandsins.

Mótvægisáðgerðir Norðlingaölduveitu, norðaustan friðlandsins og suðaustan Hofsjökuls, þ.e. Þjórsárjökulslón og Vesturkvíslalón með tilheyrandi skurðum, leiðigörðum og haugasvæðum, eru á svæði sem hefur landnotkunina náttúruverndarsvæði samkvæmt gildandi svæðisskipulagi. Náttúruverndarsvæði eru skilgreind með þeim hætti samkvæmt skipulaginu að þau nái yfir mikilvægustu og merkustu náttúruminjar hálendisins. Um sé að ræða sérstæð eða einstæð svæði vegna landslags, jarðmyndana, gróðurfars eða dýralífs. Slik svæði nái yfir stórar landslagsheildir og óröskuð víðerni, s.s. stóra hluta gosbeltanna og víðfem votlendissvæði. Náttúruverndarsvæðið sem hér um ræðir er skilgreint nánar í kafla 15.1.1 í greinargerð svæðisskipulagsins. Þar segir: “Þjórsárver – Kerlingafjöll, Gnúpverjahn., Hrunamannah. og Biskupstungnah. Stór landslagsheild sunnan Hofsjökuls á milli Kjalvegur og Sprengisandsleiðar. Svæðið með Þjórsá frá Gljúfraá inn að Kisu með fjögrum og stórfenglegum fossum og gljúfrum ásamt

*fjölbreyttu og gróskumiklu gróðurfari og lindum. Lítt raskað víðerni, fjölbreytt landslag, einstætt votlendi og fuglalíf í Þjórsárverum. Áhugavert útivistarsvæði allt árið. Göngu- og reiðleiðir frá Sprengisandsleið. Svæðið nær m.a. yfir friðland Þjórsárvera sem og Kerlingafjallasvæðið sem er á náttúruminjasrá.*”

*Í 15. kafla svæðisskipulagsins kemur og fram sú sérstaða Árnassýslu að vera í nálægð við helstu þéttbýlissvæði landsins. Það hafi í för með sér að aðsókn útivistar- og ferðafólks sé óvída meiri. Gróðurlendin upp með Þjórsá, Þjórsárver, fjalllendi Kerlingafjalla o.fl. svæði séu ein mikilvægustu útivistar- og ferðamannasvæði hálendisins.*

*Ljóst er að gerð þessara tveggja lóna og tilheyrandi framkvæmda, s.s. veituframkvæmdir og haugasvæði, rétt utan friðlands Þjórsárvera munu hafa veruleg áhrif á landslag svæðisins, ásýnd, vatnafar (þ.e. ásýnd landsins þar sem kvíslarnar runnu bæði innan og utan friðlandsins) og það sjónarspil sem þessir þættir mynda þ.e. ósnortna náttúru. Landslagsheild Þjórsárvera og hins lítt raskaða víðernis, sem svæðisskipulagið gerir ráð fyrir milli Kjalveggar og Sprengisands, mun skerðast umfram það sem núgildandi skipulag gerir ráð fyrir verði fallist á gerð þessara tveggja lóna auk þess sem framkvæmdasvæðin innan náttúruverndarsvæðisins verða tvö í stað eins áður og áhrifasvæði framkvæmdanna í raun stærra.*

*Í auglýstri tillögu gerði samvinnunefndin tillögu um nýtt orkuvinnslusvæði við Hágöngur þar sem stigið er fyrsta skref í nýtingu jarðhitans á hálendi Íslands. Engar athugasemdir bárust vegna þeirrar tillögu á meðan 140 mótmæli bárust vegna Norðlingaölduveitu.*

*Einnig er rétt að komi fram að orkuvinnslugeta svokallaðra mótvægisáðgerða Norðlingaölduveitu er aðeins tæp 3% af orkuvinnslugetu Kárahnjúkavirkjunnar. Að leggja til atlögu við viðkvæmasta og dýrmætasta náttúruverndarsvæði á miðhálendi Íslands í þeim tilgangi að ná fram gjörnýtingu á þeirri orku sem þar er að finna, samræmist ekki markmiði svæðisskipulagsins um að tryggja skynsamlega nýtingu auðlinda og landkosta Miðhálendisins, markmiðs skipulags- og byggingarlaga, um að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, og þess fjölda athugasemda sem barst við kynningu tillögunnar, samþykkir samvinnunefndin hina auglýstu tillögu með þeim breytingum að fallið er frá heimild til gerðar veitu- og setlóna suðaustan Hofsjökuls og mannvirkja tengdum þeim. Landnotkun samkvæmt svæðisskipulaginu skal því vera óbreytt á því svæði. Jafnframt er fallist á þær smávægilegu breytingar sem lagðar eru til í umsögn um athugasemdir nema hvað ekki skal fjallað um nákvæma stærðir lóna í greinargerð. ”*

Tillagan var samþykkt með sex atkvæðum; Óskars Bergssonar formanns, Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur, Jónatans Garðarssonar, Snorra H. Jóhannessonar, Dags B. Eggertssonar og Gunnars Hólm Hjálmarssonar.

Valtýr Valtýsson og Gunnar Sæmundsson sátu hjá.

Stefán Skaptason, Jóhann Guðmundsson og Arnór Benediktsson greiddu atkvæði gegn tillögu formanns og óskuðu bókað;

*“Við undirritaðir nefndarmenn í samvinnunefnd miðhálandis teljum að samþykka hefði átt auglýsta skipulagstillögu með þeim fyrirvörum Umhverfisstofnunar að þess yrði gætt í hvívetna að framkvæmdin sem tillagan gerir ráð fyrir, utan friðlandsins, falli eins vel að landslaginu og unnt er.”*

Valtýr Valtýsson óskaði bókað: *“Ég sit hjá við afgeiðslu málsins þar sem ég er fulltrúi beggja sveitarfélaga sem framkvæmdin varðar en ekki hafa komið sér saman um niðurstöðu.”*

Áheyrnarfulltrúi Landsvirkjunar Ragnheiður Ólafsdóttir óskaði bókað;

*“Fyrir hönd Landsvirkjunar áskil ég mér rétt til að gera verulegar athugasemdir við aðferðafræði og niðurstöðu nefndarinnar.”*

**2. Úttekt á byggingarmálum á miðhálendi Íslands.** Lögð fram tillaga að bréfi til Skipulagsstofnunar varðandi skráningu bygginga og heildstæða könnun á byggingarmálum á Miðhálendi Íslands. *Tillagan samþykkt.*

### **3. Önnur mál.**

**Þóknanamál.** Formaður lagði fram bréf til ráðuneytisins varðandi Þóknanamál nefndarmanna. *Ákveðið að beina þessu máli beint til Ríkisendurskoðunar.*

**Rekstraráætlun 2005-2006.** Lögð fram rekstraráætlun til skoðunar og umræðu.

Fleira gerðist ekki- fundi slitið kl 17 00.

FBE 12ágúst-16. ágúst 2005

## **56. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 6.september 2005 kl. 10:30 í Árnasi.**

Fundinn sátu hreppsnefndarmennirnir Aðalsteinn Guðmundsson oddviti, Hrafnhildur Ágústsdóttir, Matthildur E. Vilhjálmsdóttir, Tryggvi Steinarsson, Þrándur Ingvarsson, Gunnar Örn Marteinsson og Ólafur F. Leifsson. Einnig Ingunn Guðmundsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar minntist oddviti Steinþórs Gestssonar fyrrum oddvita Gnúpverjahrepps og alþingismanns. Viðstaddir risu úr sætum og vottuðu honum virðingu sína.

Dagskrá:

1. **Fundargerðir til staðfestingar.** Oddviti óskaði eftir að fundargerð hreppsráðs frá 30. ágúst yrði tekin á dagskrá. Enginn gerði athugasemd við það.

- a. Fundargerð hreppsráðs frá 30. ágúst

Liður 11 varðandi laun fyrir störf hreppsnefndarmanna og nefndarmanna sem vísað var til hreppsnefndar. Hreppsnefnd samþykkti tillöguna sem felur í sér að laun þeirra sem starfa að hreppsmálum fylgi almennum launahækkunum.

- a. Afréttarmálanefndar Gnúpverja frá 25. ágúst
- b. Stjórnar Hitaveitu Brautarholts frá 25. ágúst
- c. Skipulagsnefndar uppsveita Árnessýslu frá 25. ágúst.

Varðandi lið 26 í fundargerð Skipulagsnefndar, landspildublað vegna Ólafsvalla. Matthildur E. Vilhjálmsdóttir og Ólafur F. Leifsson tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna tengsla við það.

Fundargerðirnar staðfestar með framkomnum athugasemdum.

2. **Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps.** Síðari umræða um aðalskipulagstillögu skv. 18.gr. skipulags og byggingarlaga. Til fundarins mætti Skipulagsfulltrúi Uppsveita Árnessýslu.

Fyrir lá tillaga að Aðalskipulagi fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp sem auglýst var sbr.18.gr. skipulags og byggingarlaga, einnig minnisblað sveitarstjóra þar sem ferill málsins var rakinn frá því að óskað var heimildar Skipulagsstofnunar til auglýsingar fskj.1. með fundargerð.

Lögð voru fram drög að svörum við athugasemdum.

Fram var lagt erindi frá Samvinnunefnd um Miðhálandi Íslands dags. 29.ágúst þar sem kynnt var breyting á Svæðisskipulagi um Miðhálandi Íslands 2015 , Sunnan Hofsjökuls.

Fram var lagt erindi frá Landsvirkjun sem dagsett var 30. ágúst og barst 2. september. Landsvirkjun óskar eftir fundi með hreppsnefnd um Aðalskipulagið.

**Oddviti lagði til að bjóða Landsvirkjun til fundar eftir miðjan september.**

**Það var samþykkt með fjórum atkvæðum L lista gegn tveimur atkvæðum Þrándar og Ólafs, Gunnar sat hjá.**

Fjallað var um athugasemd Eiríks Þórkelssonar og Unnar Lísu Schram varðandi nýtt vegarstæði um Vorsabæjarland og frestað var á fundi hreppsnefndar þann 9. ágúst og Skipulagsfulltrúa falin könnun.

Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir viðræðum við landeigendur, Vegagerðina og Skipulagsstofnun.

**Hreppsnefnd samþykkti samhljóða þá breytingu á auglýstri tillögu að Aðalskipulagi að vegarstæði um Vorsabæjarland verði sýnt í núverandi legu.**

Oddviti gerði grein fyrir niðurstöðu Samvinnunefndar Miðhálandis varðandi hálendið og lagði til að breyting yrði gerð á auglýstri Aðalskipulagstillögu Skeiða- og Gnúpverjahrepps til samræmis við niðurstöðu Samvinnunefndar.

Þrándur Ingvarsson mælti fyrir tillögu sinni, Gunnars Arnar Marteinssonar og Ólafs F. Leifssonar: „*Tillaga samvinnunefndar miðhálandis á eftir að fara til Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra til samþykktar eða synjunar. Þá hefur Landsvirkjun farið framá viðræður við hreppsnefnd til að gera grein fyrir afstöðu fyrirtækisins. Umhverfisnefnd hefur ekki haft tækifæri til að koma að aðalskipulaginu. Fundarmenn höfðu ekki tækifæri til að kynna sér tillögu meirihluta eða önnur gögn er málið varðar fyrr en á fundinum. Þá förum við framá að málinu verði frestað.*”

Sveitarstjóri lagði fram svohljóðandi bókun: „*Hreppsnefnd samþykkti á fundi sínum þann 21.júní 2004 að senda umhverfisnefnd hreppsins Aðalskipulagstillöguna til umsagnar. Nú er hreppsnefnd að fjalla um auglýsta tillögu að Aðalskipulagi. Þegar er búið að samþykkja breytingu varðandi Vorsabæjarveg. Þau atriði sem eftir er að fjalla um varða niðurstöðu Samvinnunefndar miðhálandis. Fundargerð miðhálandisnefndar var send út með fundargögnum. Það er því rangt að fundarmenn hafi ekki haft tækifæri til að kynna sér viðeigandi gögn málsins.*”

**Oddviti bar upp tillögu Þrándar sem var felld með fjórum atkvæðum L lista, gegn þremur atkvæðum A lista.**

Þá bar oddviti upp breytingartillögu sína til samræmis við breytingu á svæðisskipulagi miðhálandisins. **Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum L lista gegn tveimur atkvæðum Þrándar og Ólafs, Gunnar sat hjá.**

Hreppsnefnd samþykkti þar með auglýsta tillögu að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2015 með ofangreindum breytingum. Hreppsnefnd ítrekaði fyrri samþykkt frá 5. apríl 2005 um fyrirvara varðandi bótaskyldu Landsvirkjunar til landeigenda. Hreppsnefnd samþykkti að fela hönnuðum og sveitarstjóra að ganga frá svörum við athugasemdum og leggja þau fyrir hreppsnefnd áður en þau verða send. Þá samþykkti hreppsnefnd að fela hönnuðum og sveitarstjóra að auglýsa ofangreinda niðurstöðu og enn fremur að senda Skipulagsstofnun lokatillögu Aðalskipulags til yfirferðar og óska staðfestingar umhverfisráðherra á henni.

3. Erindi frá Afréttarmálafélagi Flóa og Skeiða varðandi framkvæmdaleyfi vegna lagningar nýs 3,2 km vegarslóða að fjallmannahúsinu Kletti. Var áður á dagskrá hreppsnefndar þann 9.ágúst. Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir vettvangsferð og lagði fram og kynnti jákvæða umsögn Umhverfisstofnunar um málið. Hreppsnefnd samþykkti að veita Afréttarmálafélagi Flóa og Skeiða leyfi til framkvæmdarinnar í samræmi við nýsamþykkt Aðalskipulag. Haft verði samráð við skipulagsfulltrúa við framkvæmdina.

Skipulagsfulltrúi vék af fundinum.

4. Fundargerðir til kynningar

- a. Stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 24. ágúst
- b. Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 23. ágúst

5. Erindi frá Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi dags. 26. ágúst 2005 þar sem kynnt var námskeið fyrir starfsfólk á skrifstofum.

Lagt fram til kynningar.

6. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 26. ágúst þar sem kynnt var málþing sveitarfélaga um velferðarmál sem haldið verður 29. september n.k.

Lagt fram til kynningar.

7. Erindi frá Kvenfélagi Gnúpverja dags. 9. maí þar sem óskað var viðræðna við hreppsnefnd um húsnæðismál aldraðra.

Hreppsnefnd samþykkti að fela hreppsráði að ræða við fulltrúa Kvenfélagsins.

8. Erindi frá Matthildi E. Vilhjálmsdóttur dags. 11. ágúst þar sem hún óskar að fá að draga til baka lausnarbeiðni sína sbr. erindi á hreppsnefndarfundi 9. ágúst. Fyrir lá afrit af svari félagsmálaráðuneytis dags. 30. ágúst, við fyrirspurn Þrándar Ingvarssonar varðandi þetta mál. Í svarinu kemur fram að ráðuneytið telur; „heimilt að bera fram á hreppsnefndarfundi tillögu þess efnis að samþykkt hreppsnefndar um að veita Matthildi lausn frá og með 7. september 2005 verði felld úr gildi, enda fari sú afgreiðsla fram fyrir þann dag.”

Matthildur vék af fundi við umfjöllun og afgreiðslu málsins vegna vanhæfis og tók Halla Sigríður Bjarnadóttir sæti hennar á fundinum.

Þrándur lagði fram eftirfarandi tillögu fyrir sína hönd, Gunnars og Ólafs. „Við krefjumst þess að afgreiðslu málsins verði frestað þar til meirihluti hreppsnefndar hefur kallað inn fyrsta varamann L lista samkvæmt 22. grein um stjórn og fundarsköp Skeiða- og Gnúpverjahrepps.”

Oddviti bar upp tillöguna sem var felld með þremur atkvæðum L lista gegn þremur atkvæðum A lista.

Oddviti lagði til að samþykkt hreppsnefndar frá 9. ágúst um lausn Matthildar verði felld úr gildi að því er varðar setu í hreppsnefnd. Matthildi er veitt lausn frá setu í hreppsráði og nefndum á vegum hreppsins.

Fulltrúar A lista viku af fundi.

Oddviti bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál.

- a. Tilkynning Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga dags. 1. september um aðalfund sem haldinn verður á Kirkjubæjarklaustri dagana 25. til 26. nóvember n.k.
- b. Tilkynning Sambands íslenskra sveitarfélaga dagsett. 31. ágúst um fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin verður dagana 10. og 11. nóvember n.k.
- c. Sveitarstjóri sagði frá störfum sameiningarnefndar Uppsveita og hvatti fólk til að mæta á fund sem haldinn verður fyrir íbúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi 7. september.
- d. Tryggvi Steinarsson sagði frá ferð Afréttamálanefndar Gnúpverja um afréttinn. Vildi hann vekja sérstaka athygli á bágu ástandi kofans í Tjarnarveri sem talinn er ónýtur.

Fundi var slitið klukkan 14:20

Aðalsteinn Guðmundsson  
Hrafnhildur Ágústsdóttir  
Matthildur E. Vilhjálmsdóttir  
Tryggvi Steinarsson  
Halla Sigríður Bjarnadóttir  
Þrándur Ingvarsson  
Ólafur F. Leifsson  
Gunnar Örn Marteinsson  
Ingunn Guðmundsdóttir